

# Hefur þú „proje“ fyrir mig? Landslag og litarháttur þróunarhjalpar

Kristín Loftsdóttir \*

## ÁGRIP

Í þessari umfjöllun skoða ég „landslag“ þróunarhjalpar og þá umgjörð sem það setur tengslum heimanna og starfsfólks þróunarstofnana, þ.e. efnislegar birtingarmyndir þróunarhjalpar sem fyrir finnast í samspili við ólíkar valdastöður einstaklinga. Ég fjalla um þessi málefni út frá WoDaaBe-fólkinu í Níger, þar sem ég dvaldist um tveggja ára skeið til að vinna doktorsverkefni mitt. WoDaaBe hópurinn setti milli hvíttra Vesturlandabúa og þróunaraðstoðar, eða *proje* eins og þeir nefndu þróunarverkefni í daglegu tali. Ég fjalla um skilning WoDaaBe hirðingja á þróunarhjálp og hvað sá skilningur segir okkur um tengsl vestrænna þjóða við þiggjendur þróunarhjalpar í stærra samhengi.

**Lykilorð:** Níger, þróunarhjálp, kynþáttarhyggja, sjálfsmynd.

## ABSTRACT

*Do you have a 'proje' for me? The contours and colours of the development landscape*

This article focuses on the 'landscape' of development and its effects on the relationship of receivers of aid and those working for development institutions. I base the discussion on my ethnographic fieldwork in Niger among WoDaaBe pastoral nomads and migrant workers. I explore WoDaaBe understanding of development as well as their identification of development as a relationship between 'white' and 'black' people and how that assessment is based on their lived experience of development in Niger.

**Keywords:** Niger, development aid, racialization, identity.

## INNGANGUR

Á mörgum hornum í Niamey, höfuðborg Níger, standa skilti sem falla ekki undir götuskilti í hefðbundinni merkingu þess orðs heldur bera nöfn hinna ýmsu þróunarstofnana. Þau standa í hnapp eða ein sér, sum eru lúin og slitin en á önnur glampar í sólinni. Þeim er oftast ætlað að vísa veginn til þessara stofnana eða auglýsa yfirstandandi verkefni. Stundum er því ekkert annað að sjá á þeim en þurra skammstöfun, en önnur útlista ágæti einhvers ákveðins þróunarverkefnis sem er staðsett í næsta nágrenni. Í fyrsta sinn sem ég kem til Níger vekur þessi frumskógur skilta og skammstafana undrun mína: PNUD, Alþjóðabankinn, DANIDA, NORAD, ACDI, FAO, AFRICARE o.s.frv. Undrun mín stafar ekki af því að slíkrar „þróunar“ – hvað sem hún nú felur í sér – virðist ekki

vera þörf. Þvert á móti virðist þörfin vera mikil. Brotin malbiksrönd umvafin sandi og betlandi börn eltandi mann við hvert fót mál bera því glöggt vitni að Níger er eitt fátækasta ríki í heimi.

Mannfræðingarnir Arturo Escobar (1995) og James Ferguson (1994) hafa undirstrikað að orðræður um þróun og þróunarhjálp skapi ákveðið hugmyndakerfi sem móti hvaða aðgerðir eru taldar réttar og eðlilegar. Í anda kenninga Michel Foucaults (1980) bendir Escobar á að þekking er ávallt samofin valdi og því sé nauðsynlegt að skoða uppbyggingu þekkingarkerfa<sup>1</sup> sem lúta að þróunarmálum, áhrif þeirra á ákvarðanatöku og hvernig þau skapa ákveðnar sjálfsverur.<sup>2</sup> Escobar og Ferguson leggja báðir áherslu á þátt orðræðna í mótun athafna. Kenningar sem snúa að orðræðum

\* Mannfræði- og þjóðfræðiskor Háskóla Íslands, Odda, 101 Reykjavík; kristinl@hi.is

<sup>1</sup> Flokkun heimsins felur í sér ákveðið þekkingarkerfi sem þröngvar vissum tegundum sjálfsmynda upp á aðra (subject positions). Escobar (1995, 13) bendir á að þróunaraðstoð hefur stuðst við eina tegund þekkingarkerfis, þ.e. vestrænt.

<sup>2</sup> Escobar undirstrikar að þekkingarkerfi þróunaraðstoðar fela í sér mótun verundar eða sjálfsvera

hafa þó iðulega verið gagnrýndar fyrir að leggja megináherslu á texta en tengja nálgun ekki nægilega vel við raunverulegt líf fólks sem býr við jaðarstöðu og fátækt (sjá til dæmis gagnrýni í Little og Painter 1995; Kiely 1999).<sup>3</sup>

Það sem vekur undrun mína hvað varðar frumskóg skiltanna í fyrstu ferðum mínum eftir götum Niamey er áþreifanleiki þróunarhjálparrinnar; hið efnislega „landslag“ sem þróunarhjálpin skapar. Það opnar augu mín betur fyrir því hvernig þróunarhjálp snýr að raunverulegum tengslum einstaklinga. Þróunarhjálp lýtur þannig ekki eingöngu að verkefnum sem eiga að bæta kjör fólks eins og þróunarstofnanir leggja áherslu á – né heldur að textum sem skapa og flokka fólk á ákveðinn hátt eins og Escobar (1995) og Ferguson (1994) skoða – heldur að raunverulegum tengslum einstaklinga sem finna sig í ólíkum valdastöðum og ákveðinni umgjörð sem þróunaraðstoðin hefur skapað fyrir þessi tengsl.

Þróunarhjálp er mjög sýnilegur hluti tilverunnar í Niamey og Níger. Hún er hluti af efnislegu landslagi, væntingum fólks og mótar tengsl á milli einstaklinga í raunverulegum aðstæðum. Arjun Appadurai (1996) hefur bent á að hnattvæðing felur í sér sundruð eða ósamstæð ferli (disjuncture), þar sem hagræn ferli, flæði fólks, fjármagns og tækni á sér stað á mismunandi hátt. Til að ná utan um þetta ójafna flæði og áhrif þess byggir Appadurai á hugtakinu *landscape* (landslag) og talar um *ethnoscapes*, *financescapes*, *technoscapes*, *mediascapes* og *ideoscapes*. Hugmynd Appadurais er í einfölduðu máli að hnattvæðing skapi mismunandi „landslag“ af fólki, peningum og tækni sem eru aðskilin og ólík að einhverju leyti. Hér má einnig vísa í kenningar um rými, en

í því samhengi hefur verið bent á að rými er ekki einungis landfræðilegt eða efnislegt fyrirbæri heldur einnig félagslegt (Rodman 2003[1992]). Ég ætla hér að nýta mér hugmynd Appadurais og tala um *landslag* eða *þróunar-rými*. Slíkt rými er efnislegt því það felur í sér – eins og ég hef áður lýst – byggingar, skilti og sýnilega nálægð ákveðinna aðila, en einnig huglægt að því leyti að það mótar tengsl ólíkra hópa og stöðu þeirra. Í þessari grein ætla ég að skoða hvernig landslag þróunaraðstoðar birtist í Níger og áhrif þess á tengsl og hugmyndir ákveðins þjóðernishóps, WoDaaBe Fulani, um þróun og þróunaraðstoð. Út frá þessu dæmi velti ég upp gagnrýnum spurningum um þróunaraðstoð almennt og hvaða skilaboð hún sendir þiggjendum aðstoðarinnar. Ég byggi umfjöllunina að stórum hluta á vettvangsrannsókn minni í Níger, þar sem ég dvaldi um tveggja ára skeið á tímabilinu 1996–1998 og vann að doktorsrannsókn minni, auk þess að hafa einnig gert rannsóknir þar á styttri tímabilum á árunum 1995 og 1999 (mynd 1).

## NÍGER, ÞRÓUNARHJÁLP OG HIRÐINGJAR

Níger er stærsta land Vestur Afríku, landlukt og að mestum hluta staðsett á Sahel-svæðinu og í Sahara-eyðimörkinni. Íbúar eru taldir vera yfir 12 milljónir. Byggð er þéttust í hinum frjósamari suðurhluta landsins þar sem meirihluti fólks vinnur við ræktun, en í hinu strjálbýla norðri lifir fólk á ræktun og/eða hjarðmennsku. Mikill meirihluti fólks í landinu, eða 84% karlmanna og 97% kvenna, vinnur því við akuryrkju í bland við hjarðmennsku eða stundar hjarðmennsku eingöngu (Alþjóðabankinn 2003, 2).

Þrátt fyrir að miklum fjármunum hafi

(subjectivities), þ.e. mótun sjálfsmýnda þeirra sem búa í hinum svokölluð vanþróðu hlutum heimsins. Hér er Escobar að vísa til, eins og margir formgerðarsinnar, að þróunarhjálp felur í sér flokkun á einstaklingum í ákveðna hópa og þannig ákveðnar tegundir sjálfsmýnda. Escobar fjallar þó hlutfallslega lítið um þennan þátt í verkum sínum.

<sup>3</sup> Ferguson (1984) skoðar sérstaklega texta Alþjóðabankans um Lesoto í rannsókn sinni á þróunarhjálp í landinu. Hann skoðar hvernig textar Alþjóðabankans – eða hugmyndakerfi sem tengist þróun – hefur bein áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar varðandi þróun. Escobar (1995) skoðar tilurð þróunarmræðna á svipaðan hátt og Ferguson, þ.e. hvernig orðræðan mótar hvað er skilgreint sem vandamál og hvernig á að leysa þau. Báðir tengja þannig orðræður við athafnir þróunarstofnana.



Mynd 1 Vettvangur rannsóknarinnar.

verið varið til þróunaraðstoðar í landinu undanfarna áratugi er Níger í neðsta sæti landa heims miðað við þróunarvísitölu Sameinuðu þjóðanna (Human Development Index) árið 2005 (UNDP 2005). Landsmenn hafa ekki staðið í stríði eða glímt við meiriháttar hamfarir síðustu áratugi, en slíkt útskýrir oft erfiða efnahagslega stöðu landa. Hungursneyðin í Níger árið 2005 útskýrir ekki stöðu landsins í sjálfu sér, þar sem Níger var í næstneðsta sæti árið á undan.

Sú almenna fátækt sem einkennir Níger endurspeglast meðal annars í því að 84% fullorðinna eru ólæsir og óskrifandi (Alþjóðabankinn 2003, 1). Útflutningur hefur aukist töluvert á síðustu árum (u.þ.b. 50%), en vegna sífellt lægra gengis CFA, gjaldmiðils Níger, fær landið mun minna fyrir vörur sínar en áður. Viðskiptahalli er stöðugur og stjórnarbyltingar, sem reyndar hafa verið tiltölulega friðsamlegar og gengið hratt yfir, endurspeglar djúpa óánægju innan samfélagsins.

Þróunaraðstoð er veitt af fjölmörgum stofnunum og verkefni þeirra snúa að flestum þáttum þjóð- og efnahagslífs. Samkvæmt skýrslu Matt (1994) áttu 95% fjárfestinga í Níger árið 1994 rætur að rekja til erlendra þróunarstofnana, sem sýnir mikilvægi þróunaraðstoðar fyrir landið í heild. Þær marghliða (multilateral) stofnanir sem mest hafa stundað þróunaraðstoð í Níger eru Evrópusambandið, African Development Bank, Sameinuðu þjóðirnar, OPEC Fund, IFAD ásamt fleirum.

Einnig má finna þróunarstofnanir frá jafn ólíkum löndum og Belgíu, Kanada, Kína, Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Japan, Líbýu, Lúxemborg, Hollandi, Sviss og Bandaríkjunum ásamt fjölda frjálsra félagasamtaka.<sup>4</sup>

Mjög erfitt er að fá heildaryfirsýn yfir fjölda og eðli þróunarverkefna. Yfirmaður einnar þróunarstofnunar í Níger sagði mér í upphafi rannsóknar minnar árið 1996 að þróunarverkefni væru lítt samhæfð í áherslu og framkvæmd. Hann lagði jafnframt áherslu á að ólíkar stofnanir væru illa upplýstar um verkefni annarra og benti á máli sínu til stuðnings að árið 1994 hefði USAID reynt að ná heildaryfirsýn yfir verkefni sem sneru að náttúruauðlindum í Níger og þá hafi þeim talist til að 124 slík verkefni væru í gangi í Níger það árið. Þá eru ótalin verkefni á öðrum sviðum, svo sem í menntamálum og heilsugæslu (sjá International Resource Group, 1994). Í skýrslu Alþjóðabankans um efnahagsstöðu Níger frá árinu 2003 er einnig talað um litla samhæfingu þróunarstofnana og verkefna í Níger, sem gefur til kynna að þetta vandamál sé viðvarandi (Alþjóðabankinn 2003).

Þróunarverkefni sem snúa að hirðingja-samfélögum almennt í heiminum hafa tekið lítið tillit til framleiðsluferfa hirðingja, heldur lagt megináherslu á að auka framleiðslu á kjöti (Bennett 1988, 551; Scott og Gormley 1980, 93; Riesman 1984, 171). Samhliða áherslu á aukna kjötframleiðslu styður þróunarhjálp gjarnan við búgarða, en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu áratugi á svæðum hirðingja og eru þá annað hvort í eigu einkaaðila eða stjórnvalda (Fratkin 1997, 248). Þróunarhjálp í Níger hefur lítið beinst að hagsmunum hirðingja en erfitt er að fullyrða nokkuð um fjölda og heildarfjármögnun verkefna vegna skorts á upplýsingum. Áherslu á kjötframleiðslu má þó sjá, en meðal annars hefur verið lagt til að auka útflutning á kjöti til nágrannalanda eins og sjá má í skýrslu Alþjóðabankans

<sup>4</sup> Níger á því mikið undir þróunaraðstoð, sem má kannski sjá endurspeglast í því að ráðamenn gengust undir samning um formgerðaraðlögun Alþjóðabankans (structural adjustment) árið 1996 þrátt fyrir mikil mótmæli og andstöðu frá þegnum ríkisins (sjá Hodgkinson 2003, 758).

frá 2003. Frá sjónarhóli hirðingja taka búgarðar mikilvæg landsvæði frá þeim og gera þeim erfðara um vik að bregðast við þurrkatímum. Hér ber þó að hafa í huga að landbúnaðarafurðir eru í öðru sæti á eftir úrani hvað varðar útflutningstekjur (18,4% árið 2000) og frá ákveðnu sjónarhorni því kannski ekki að undra þótt ríkisvaldið reyni að auka framleiðslu þar, þrátt fyrir að slíkt grafi undan framleiðslu hirðingjasamfélaga í norðurhluta landsins (Hodgkinson 2003, 759).

Rétt er að hafa í huga að verkefni sem snúa ekki beint að hirðingjum, heldur að þáttum eins og landréttindum og nýtingu vatns almennt innan Níger, geta haft meiri áhrif á hirðingja heldur en verkefni hönnuð sérstaklega fyrir hirðingja. Réttindi til lands eru eitt af helstu baráttumálum hirðingja eins og WoDaaBe og undirstaða framfærslu þeirra (Kristín Loftsdóttir 2002a).

### WODAABE OG PROJE

WoDaaBe þykja á margan hátt einangraðir og í fjölmíðlum er almennt lögd áhersla á lítil samskipti þeirra við utanaðkomandi. Engu að síður er erfitt að finna þann WoDaaBe – sama hvort um er að ræða hirðingjasvæðið eða í borginni – sem ekki þekkir það sem þeir kalla *proje*. Hugtakið er tökuorð úr frönsku (*projet*), þó að stundum noti WoDaaBe einnig hugtakið *tallaka*, sem einnig er notað yfir ölmusu og aðstoð almennt. Áður en ég skoða nánar hugmyndir WoDaaBe um þróunarhjálp og „landslag þróunar“ vil ég koma stuttlega inn á stöðu WoDaaBe innan ríkisins Níger og aðstæður þeirra í samtímanum.

WoDaaBe eru lítil minnihlutahópur í Níger, sem ávallt hefur byggt afkomu og sjálfsmynd á hjarðmennsku. Heimili þeirra er undir berum himni enda flytja WoDaaBe búferlum að meðaltali á þrjú daga fresti. Þeir leggja áherslu á kýr af hinu svokallaða Zebu Bororo kyni sem þolir vel sveiflukennar aðstæður hirðingjasvæðisins. Rannsókn mín, sem þessi grein byggir á, átti sér stað meðal WoDaaBe-hirðingja á Tchín-Tabaraden

svæðinu sem er í norðvesturhluta landsins og meðal WoDaaBe-farandverkamanna sem framfleyta sér í Niamey, margir hverjir á því að selja skartgrip og handverk til ferðamanna eða til útflutnings til neytenda á Vesturlöndum (Kristín Loftsdóttir 2002b).

Tchín-Tabaraden svæðið er innan Sahelbeltisins við jaðar Sahara-eyðimerkurinnar. Úrkoma er óregluleg (Beaumont 1989, 202; Nicholson 1984, 73). Hjarðmennska felur í sér aðlögun að aðstæðum sem eru áhættusamar að því leyti að þær eru sífbreytilegar. Samfélög hirðingja einkennast því jafnan af sveigjanleika sem gerir þau hæfari til að bregðast við breyttum aðstæðum (Park 1993; de Bruijn og van Dijk 1999). Hugtakið „þurrkar“ er oft notað til að vísa í úrkomu undir meðallagi og þá til að útskýra bæði eyðimerkurmyndun og hungursneyð. Hér þarf að undirstrika að Sahel er jaðarsvæði og ástæðan fyrir því að það kallast jaðarsvæði er að þar eru miklar líkur á þurrkum. Mismunandi úrkoma er eðlilegur hluti af vistkerfi Sahel en ekki óeðlilegt ástand í sjálfu sér (Agnew og Anderson 1992, 98; Park 1993, 8).

Vistfræðilegur breytileiki er þó ekki eini áhrifavaldurinn í aðlögun WoDaaBe að umhverfi sínu, heldur er mikilvægt að leggja áherslu á flókið samspil félagslegra þátta og náttúrufars. Stefna frönsku nýlendustjórnarinnar og svo Níger eftir sjálfstæði miðaði að því að auka framleiðslu á korni til mannelis.<sup>5</sup> Í raun fólst fyrst og fremst í þessum aðgerðum að aukið land var tekið undir ræktun. Painter (1987) telur að ástæðu þess megi finna í því að þróunarstofnanir hafi unnið eftir stöðluðum lausnum fyrir landbúnaðarverkefni sem áttu illa við á Sahel svæðinu. Afleiðing þess að aukið svæði var tekið undir ræktun<sup>6</sup> var sú að hirðingjar þurftu að leita lengra norður á bóginn þar sem áhætta er meiri, samhliða því að svæði þar sem vistfræðileg óvissa er mikil voru tekin undir ræktun. Góð úrkoma á sjötta áratugnum og í byrjun þess sjöunda auðveldaði mjög útpenslu ræktunar í norðurhluta Níger.

Einnig má benda á að lög, sem sett voru á nýlendu tímanum, viðurkenndu almennt ekki landnýtingu hirðingja og í tilvikum þar sem lögín voru hirðingjum hliðholl var tilhneiging ráðamanna að fella dóma í hag akuryrkjufólks.<sup>7</sup> Á tímabilinu 1968–1974 voru miklir þurrkar á Sahel svæðinu sem höfðu skelfilegar afleiðingar fyrir afkomu hirðingja og smábænda. Cynthia White vann við þróunarverkefni USAID um nokkra ára skeið og skoðaði sérstaklega aðstæður hirðingja. Hún hefur undirstrikað að þurrkarnir 1968–1974 voru í sjálfu sér ekki ástæðan fyrir hörmungunum, heldur aukin jaðarstaða (*vulnerability*) hirðingjanna (1990, 243). Þessi jaðarstaða stafaði af aðstæðum sem höfðu verið skapaðar áratugum fyrr, eins og ég hef komið hér inn á. Erfið þurrkatímabil – þrátt fyrir að þau hafi náð yfir skemmri tíma – komu einnig á áttunda og níunda áratugnum og höfðu í för með sér að WoDaaBe misstu hluta af hjörðum sínum (Kristín Loftsdóttir 2001). Í stuttu máli má því segja að WoDaaBe-hirðingjum í Tchín-Tabaraden hafi verið ýtt út á jaðarsvæði þar sem þurrkar eru líklegir og það heildarsvæði sem þeir geta beitt dýrum sínum hafi minnkað, sem hvort tveggja grefur undan möguleikum þeirra til að bregðast við erfiðum árum. Til að bregðast við þessum aðstæðum hafa WoDaaBe fjölskyldur eftir þurrkatíma sett eftirlifandi dýr undir stjórn ákveðins aðila á heimilinu sem sér um þau á hirðingjasvæðinu, á meðan aðrir reyna að framfleyta sér annarsstaðar í von um að geta snúið aftur á hirðingjasvæðið (sjá umfjöllun í Maliki o.fl. 1984, 491).

## LANDSLAG ÞRÓUNARHJÁLPAR OG SÝN WODAABE Á ÞRÓUNARHJÁLPI

Þróunarverkefni á Tchín-Tabaraden svæðinu hafa verið fá og á þeim tíma sem ég gerði mína rannsókn hafði öll skipuleg þróunaraðstoð legið niðri frá því að átök Túarega og stjórnvalda hófust snemma á tíunda áratugnum. Engu að síður veit næstum hvert einasta WoDaaBe-barn sem komið er til vits og ára hvað *proje* er. Vinkona mín Sollare var líklega um 11 ára. Hún hafði aldrei séð hús eða komið á markaðinn en útskýrði fyrir mér á skýran og hnitmiðaðan hátt:

*PROJE gefa fólki mat, lyf og kúr.*

Hún bætti við að það væri *anasara* eða hvítt fólk sem gæfi. Það voru ekki eingöngu börn sem útskýra *proje* á þennan hátt, því í hugum fullorðinna vísaði það einnig í afhendingu lyfja og dýra en þó einnig í möguleika á launuðu starfi. Skilningur meirihluta þeirra WoDaaBe sem ég kynntist var því ekki sá að þróunarverkefni snúist um að koma á fót einhverju sem haldi áfram eftir að verkefninu sjálfu sé lokið eins og opinber markmið flestra þróunarstofnana eru. *Proje* er einfaldlega dreifing gæða frá hvítu eða vestrænu fólki, sem á nóg af þeim, til WoDaaBe sem þurfa á slíkum gæðum að halda. Einn viðmælandi minn sagði mér að hvítt fólk vissi hvernig allir gætu orðið efnadir en vandamálið væri að það vildi ekki deila vitneskjunnni með öðrum.

Fæstir litu á *proje* sem verkefni stofnana, heldur atbeina einstaklinga, sem kæmu með miklar bjargir til Níger og væru tilbúnir að dreifa þeim til þeirra sem þeim

<sup>5</sup> Áherslu á framleiðsluaukningu var haldið áfram af ríkisstjórn sjálfstæðs Níger, þá með aðstoð alþjóðlegrar þróunarhjálp, þar sem auka átti framleiðni með nýjum afbrigðum.

<sup>6</sup> Vegna breytinga á skattalögum í kjölfar þurrka á tímabilinu 1968–1974 fóru fólk sem ekki var hirðingjar einnig að fjárfesta í dýrum, sem hefur leitt til þess að stór hluti dýra á hirðingjasvæðinu er ekki í eigu hirðingja, heldur annarra sem nýta þau sem fjárfestingu. Á Sahel-svæðinu í Vestur-Afríku var á nýlendu tímanum lögð mikil áhersla á einhæfa jarðhneturæktun og bændur oft beinlínis neyddir til að taka upp slíka ræktun í stað ræktunar matjurta. Þessi áhersla var undir yfirsíkinu „framfara“ og „nútimavæðingar“. Háir skattar leiddu einnig til þess að bændur þurftu að auka framleiðslu og þannig jókst rými ræktaðs lands enn frekar (Franke og Chasin 1980; Painter 1987).

<sup>7</sup> Hirðingjar eru ráðnir til að gæta dýranna og fá litla borgun fyrir.

geðjaðist að. Þetta var einnig viðhorf þeirra WoDaaBe sem höfðu unnið fyrir þróunarstofnanir og haft bein samskipti við starfsmenn slíkra stofnana. Þessi persónugerving þróunaraðstoðar leiðir af sér fleiri þætti. Í fyrsta lagi felur manneskja af vestrænum uppruna eða með hvítan húðlit næstum sjálfkrafa í sér von um verkefni eða gjafir einhverskonar. Ég kem inn á þennan þátt betur síðar þegar ég fjalla um kynþáttavæðingu þróunar, en hér má þó nefna að ég þurfti í rannsókn minni stanslaust að sannfæra fólk um að ég gæti ekki fært þeim *proje*; að ég ætti ekki næga peninga til að grafa brunn eða kaupa og gefa því nautgripi. Formleg viðtöl enduðu oft á þann hátt að tekið var í hönd mína og ég beðin um að grafa brunn fyrir WoDaaBe eða gefa þeim fleiri kýr.

Persónugerving þróunaraðstoðar þýðir einnig að WoDaaBe líta að vissu leyti á sjálfa sig í tengslum við þróunarverkefni sem móttakendur ákveðinna gæða, en ekki virka gerendur í að breyta eigin aðstæðum. Þróunarhjálp hefur á síðustu áratugum lagt þunga áherslu á þátttöku heimamanna, að virkja þá og færa þeim aukin völd yfir eigin lífi og aðstæðum. Ensku hugtökin *empowerment* (sjálfsvald) og *participation* (þátttaka) hafa til dæmis mikið verið notuð í sambandi við þróunarhjálp. WoDaaBe leggja augljóslega ekki þennan skilning í þróunarhjálp, eins og endurspeglast í sýn þeirra á *proje*. Þetta kom vel fram í viðtali við mann á miðjum aldri. Ég spurði hvað WoDaaBe sjálfir gætu gert til að breyta aðstæðum sínum og hann svaraði:

*Finna hvíta manneskju sem getur gefið okkur PROJE.*

Í viðtölum við nokkra vestræna starfsmenn aðalþróunarstofnana Níger kom fram örvinglun þeirra og vonbrigði við störf sín við þróunarhjálp. Slíkar athugasemdir komu oftast fram þegar slökkt hafði verið á upptökutækinu og samræðurnar urðu óformlegri. Margir höfðu á tilfinningunni að þiggjendur þróunaraðstoðar væru eingöngu að vonast eftir að vera fengin ákveðin gæði, en hefðu lítinn áhuga á verkefnunum sem

slíkum. Í slíku samhengi var oft komið inn á kröfu fólks um að fá gefin lyf:

*Dú hefur trúlega séð þetta: „Gefðu mér lyf; gefðu mér lyf“. Ef þú gefur þeim ekki lyf þá hefur þú ekki gert neitt fyrir þau.*

Annar maður sagði á svipuðum notum:

*Allt svæðið frá Tabona telur að lyf séu ókeypis og að þau eigi bara að gefa; að enginn þurfi að borga fyrir þau.*

## KYNÞÁTTAVÆÐING ÞRÓUNAR-HJÁLPAR

Fyrir flesta WoDaaBe er þróunarhjálp beint tengd hvítum húðlit og bendir það til þess að þróunarhjálp hætti til að bregða upp mynd af tengslum, þar sem sumir eru þiggjendur og aðrir gefendur, sem tengslum fólks af ólíkum litarhætti. Stór hluti þeirra sem vinna við þróunarhjálp í Níger hafa verið og eru með hvítan húðlit, en þiggjendur með dökkkan húðlit. Þrátt fyrir að finna megi undantekningar eru heimamenn sem starfa við þróunarhjálp almennt undirmenn hvíttra vestrænna yfirmanna. Þeir vinna sem öryggisverðir, garðyrkjumenn, bílstjórar og ritarar fyrir þróunarstofnanir, en einnig í ýmskonar sérfræðistörfum og við margskonar verkefni sem tengjast þróunarhjálp. Í flestum tilfellum er yfirmaðurinn þó hvítur Vesturlandabúi. Hér er ekki verið að gera lítið úr þeim fjölbreytileika sem er innan þróunarstofnananna sjálfra og áhrif heimamanna sem þar vinna á störf og stefnur stofnana og ákveðinna verkefna. Alþjóðlegar þróunarstofnanir hafa til að mynda lagt aukna áherslu á mikilvægi frjálsra félagasamtaka í löndunum sjálfum og aðkomu þeirra að þróunarverkefnum (sbr. til dæmis skýrslu Alþjóðabankans 2003). Það breytir hins vegar ekki því að það sem sést út á við fyrir almennan þiggjanda aðstoðarinnar er að dökkt fólk vinni við ýmis lágláunastörf tengd þróunarstofnunum og í flestum tilfellum séu þeir sem vinna beint við þróunarverkefni undirmenn hvíttra yfirmanna.

Heimili fólks sem vinnur við þróunarhjálp eru einnig vettvangur samskipta og

tengsla milli fulltrúa þróunarhjálpur frá Vesturlöndum og þiggjanda aðstoðarinnar. Þótt vissulega væru til undantekningar voru vestrænir hvítir starfsmenn í langflestum tilfellum með dökka þjóna, garðyrkjumenn, bílstjóra, kokk, öryggisverði og fólk til að hreinsa sundlaugina. Hér þarf ekki að gera lítið úr því að vel efnaðir Níger búar nýta sér íðulega slíka þjónustu en hún er frekar hluti af misskiptingu gæða innan Níger heldur en þáttur í skilum milli vestræns starfsfólks þróunarstofnana og þiggjenda aðstoðarinnar.

Annað birtingarform þessa er að vestrænt starfsfólk þróunarstofnana sækir ákveðna verslun, *Score*, en meirihluti viðskiptavina hennar eru hvítir Vesturlandabúar. Þrátt fyrir að efnameiri hörundsökkir Nígerbúar sækji einnig þessa verslun endurspeglar viðskiptavinahópurinn engann veginn litarhátt meirihluta landsmanna. Fyrir utan verslunina standa menn sem reyna að fá smáaura fyrir að bera poka viðskiptavinanna í bíla þeirra á meðan hvítt fólk streymir inn og út úr jeppunum sínum. Þegar inn er komið gengur það um þægilega loftkælda verslunina þar sem finna má mikið úrval af áfengi, frönskum ostum og fiski, ásamt litlu kaffihorni þar sem hægt er að horfa á sjónvarpið og fá sér franskar pönnukökur (*crêpes*). Fyrir utan bíða betlarar, burðarmenn og bílstjórar ásamt öðrum sem eiga fátt sameiginlegt nema dökkan húðlitinn. Slíkt landslag má einnig sjá á ákveðnum skemmtistöðum og veitingastöðum í Niamey, þar sem mun herra hlutfall gesta er ljóst á hörund en sjá má í samfélaginu almennt. Ég ætla hér að skoða þessa þætti út frá hugtakinu kynþáttavæðing (*racialization*) og hvernig hún birtist í orðum og upplifun WoDaaBe af þessu landslagi þróunarhjálpur.

Kynþáttavæðing endurspeglast á margvíslegan hátt í umræðu WoDaaBe um þróunarhjálp. Fyrir utan þau atriði sem ég hef þegar nefnt var mér bent á að stórir, nýir og glæsilegir jeppar sem bruna um götu bæjarins voru flestallir í eigu starfsfólks þróunarstofnana. „Það er *projefólkið* sem á þessa bíla,“ var mér oft bent

á og oft fylgdi sú uppástunga að það væri mjög gott fyrir mig að eiga slíkan farkost. Fyrst þegar ég kom til landsins lögðu þeir WoDaaBe sem ég kynntist þunga áherslu á að ég þyrfti alvöru hús, kokk, manneskju til að þrifa, öryggisvörð, einhvern til að hreinsa sundlaugina (sem einnig var talin nauðsynleg fyrir mig), og garðyrkjumann til að sjá um plönturnar í garðinum í kringum húsið. Það var næstum eins og þessir einstaklingar væru með lista í fartaskinu yfir hluti sem þeir töldu að væru nauðsynlegir fyrir hvítan Vesturlandabúa. Slík skilyrði eru ekki eingöngu talin nauðsynleg fyrir hvítt fólk meðan það vinnur í þróunarhjálp í Níger, heldur áttu margir WoDaaBe erfitt með að trúa því að fólk í Evrópu eða Bandaríkjunum hefði almennt ekki þjónustufólk í kringum sig. Staðreyndir eins og að móðir mín hefði ekki þjónustustúlku og að bróðir minn ynni verkamannavinnu hljómuðu ótrúlegar og í raun lygilegar í hugum fólks, enda stönguðust þær á við það sem konur og karlar höfðu upplifað og séð, ekki eingöngu í Níger heldur einnig í farandverkamennsku í öðrum ríkjum Vestur-Afríku. Sumir höfðu unnið ýmis störf fyrir starfsfólk þróunarstofnana eða stofnanirnar sjálfar, á meðan aðrir höfðu einfaldlega séð lífsmáta starfsfólksins úr fjarlægð, svo sem bílana og húsin. Á þeim tíma sem ég dvaldist í Níger fóru nokkrir WoDaaBe-menn og konur til Belgíu til að taka þátt í danssýningu þar á vegum belgískrar menningarstofnunar. Eitt af því sem þau undruðust mest á ferð sinni um Belgíu var að sjá hvíta Vesturlandabúa betlandi á götum stórborganna. Þetta stangaðist harkalega á við reynslu þeirra bæði í Níger og það sem þau höfðu séð sem farandverkamenn í mörgum ríkjum Vestur-Afríku.

Tengsl WoDaaBe og Vesturlandabúa í Níger – sem margir hverjir eru á vegum þróunarstofnana – endurspeglar einnig á margvíslegan hátt þau valdatengsl sem þróunarhjálp felur í sér. WoDaaBe eru almennt ávallt jákvæðir í garð fólks sem vinnur við þróunaraðstoð ef þeir eru spurðir um viðhorfin til þess og leggja

áherslu á vináttu. Hegðun einstaklinga og óbeinar frásagnir af málefnum sem snúa að þróunaraðstoð sýna þó oft hið gagnstæða. Skýrt dæmi um þetta var að það dugði ekki fyrir mig að bjóða öðrum WoDaaBe inn fyrir dyr á heimili mínu í Niamey en þeim sem þekktu mig vel. Einhver WoDaaBe kunningi minn þurfti að segja á Fulfulde – tungumáli þeirra – að þeim væri óhætt að fara inn. Það var ekki fyrr en ég hafði verið lengi í landinu að mér skildist að ástæða þess var ótti þeirra við að vera þjófkenndir. Einstaklingar óttuðust einfaldlega að koma inn fyrir dyr vegna þess að síðar kynni ég að þjófkenna þá.

Íðulega þegar stórir, dýrir jeppar keyrðu framhá mér og vinum mínum á strætum borgarinnar bentu WoDaaBe-kunningjar mínar á bílana og tilkynntu mér að þetta væru farartæki Vesturlandabúa sem ynnu við þróunarhjálp. Oft var á engan hátt hægt að greina slíkt, en þessar athugasemdir beina sjónum að því að ákveðinn lífsstíll og ríkidæmi er tengdur við starfsfólk þessara stofnanna. Í slíku samhengi benti einn maður mér biturlega á að hvítt fólk sem kæmi til Níger (anasara) fengi há laun fyrir sína vinnu og lifði mjög vel meðal fátækra Nígerbúa. Hann staðhæfði:

*Allt þetta er í nafni verkefnisins, en litill peningur fer til fólksins sem þau eiga raunverulega að vera að aðstoða. Síðan segir þetta fólk líklega eftir á að peningurinn hafi farið í þetta og bitt.“*

WoDaaBe-menn vinna oft sem nætúrverðir fyrir heimili starfsmanna þróunarstofnana. Það er ekki laust við að það þyki frekar fínt að hafa WoDaaBe eða Túarega í því starfi, sem tengist að öllum líkindum því hversu mikið hefur verið fjallað um þessa hópa í margskonar ritum á Vesturlöndum (sjá Kristín Loftsdóttir 2002a). Slík vinna er eftirsótt af WoDaaBe-körllum, vegna þess að hún felur oftast í sér að konur þeirra og börn geta einnig sofð innan garðmúra heimilisins. Í samtölum við nætúrverði kom oft fram að þeir sofa íðulega á verðinum. Þegar ég spurði hvers vegna þeir svæfu þegar þeim væri borgað fyrir að standa vörð, þá spurði einn kunningi minn hvernig hann

ætti að framfleyta sér og fjölskyldu sinni á þeim laununum sem hann fengi fyrir þetta starf? Það væri nauðsynlegt fyrir hann að hafa aðra vinnu á daginn, og hana gæti hann ekki stundað ef hann veki alla nóttina.

Síðar meir, þegar ég lét í ljós við fólk frá Vesturlöndum áhyggjur mínar varðandi þetta landslag þróunarhjalpar, var mér íðulega bent á að það væri jákvætt að þróunarhjálp færði fólki vinnu sem annars hefði engar leiðir til að framfleyta sér. Starf sem bílstjóri, kokkur, nætúrverður, eða við þrif er augljóslega kærkomið í landi þar sem atvinnuleysi er mikið og lífsafkoma óviss. Séð frá sjónarhorni starfsfólks þróunarstofnana er starf í þróunarlöndum krefjandi, aðstæður ólíkar því sem það þekkir heiman frá og því getur munað miklu að vera laus við ýmislegt daglegt amstur. Auk þess má benda á að framkoma starfsfólks þróunarstofnana gagnvart starfsfólki sínu getur verið með ýmsum hætti. Einn kunningi minn borðaði til dæmis alltaf með kokknum sínum þegar sá síðarnefndi var búinn að elda, á meðan annar hafði litla bjöllu sem hann hringdi ef hann vildi ræða eitthvað við þjónustufólk sitt. Hann kvartaði oft yfir því að starfsfólk hans ætti af einhverjum ástæðum erfitt með að heyra í bjöllumni. Ég túlka það sem svo að erfiðleikar þjónustufólks hans að heyra í bjöllumni endurspeglar andóf þeirra við þessa tilhögun.

Það er vissulega rétt að slík vinna er kærkomin, en það getur samt ekki verið markmið þróunaraðstoðar að veita fólki tímabundna vinnu – og þá við störf sem fela ekki í sér neina þjálfun eða menntun, heldur eingöngu sjá fyrir grunnþörfum. Það hlýtur einnig eitthvað að vera bogið við landslag þróunar, þar sem hvítu fólki er almennt þjónað af hörundsökkum einstaklingum.

## VALD OG VIÐFANGSSTÖÐUR

WoDaaBe eiga sér fáa fulltrúa meðal stjórnvalda og bylting Túarega í norðri endurspeglar mikla óánægju hirðingja í garð ríkisstjórnarinnar. WoDaaBe-fólkinu hefur ekki gengið vel að hafa áhrif á stefnumörkun



stjórnarinnar og láta rödd sína heyrast, eins og endurspeglast í skýrslu Alþjóðabankans frá árinu 2003. Þar er nákvæmlega farið yfir helstu vandamál ríkisins og fyrirhugaðar aðgerðir, en varla minnst einu orði á hirðingja og þjóðfélagshópa sem byggja sjálfsmynd og afkomu á hjarðmennsku.

Escobar (1995) og Ferguson (1994) benda á að þróunarhjálp skapi ákveðnar viðfangstöður, sem skilyrði að ákveðnu marki hvaða möguleikar eru opnir og hvaða möguleikar eru ekki til staðar. Margir jaðarhópar – og hirðingar þar á meðal – hafa þannig í auknum mæli farið að skilgreina sig sem „frumbyggja“ (indigenous people) í tilraun til að auka réttarstöðu sína sem slíkir. Innan þessa heitis rúmast gjörólíkir þjóðfélagshópar sem eiga fátt sameiginlegt nema lítil völd á alþjóðavettvangi (Bétaille, 1998). Einn mikilvægasti vettvangur fyrir þróun réttinda og samstöðu frumbyggja er vinnuhópur Sameinuðu þjóðanna um frumbyggja (Working Group for Indigenous Populations) sem byggir baráttu sína að einhverju leyti á skilgreiningu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar á hugtakinu „frumbyggja“ (sjá umræðu í Sylvain 2002, 1075).

WoDaaBe hafa hingað til séð baráttu sína án tengingar við baráttu annarra minnihlutahópa og í viðræðum við einstaklinga mátti sjá að þeir tengdu sína baráttu fyrir landréttindum og öðrum mannréttindum ekki við réttindabaráttu annarra hópa í Níger. Þó voru til undantekningar frá þessu. Einn maður sem ég kynntist vakti athygli mína vegna þess að hann nálgadist hlutina frá nokkuð öðru sjónarhorni en flestir aðrir WoDaaBe sem ég talaði við. Hann notaði hugtök eins og „landréttindi“ og „frumbyggja“ og vísaði þannig í orðfæri réttindabaráttu sem margir jaðarhópar hafa nýtt sér. Hann gagnrýndi stöðu hirðingjahópa í landinu og áhugaleysi stjórnvalda á að bæta stöðu þeirra og hafði

komið á fót samvinnufélagi WoDaaBe.<sup>8</sup>

WoDaaBe hafa einnig, eins og aðrir þjóðernishópar í Níger, leitað margra leiða til þess að nýta sér sem best landslag þróunar og þau tækifæri sem gefast innan þess. Sölu á skartgripum má líta á sem eina slíka leið, en samkvæmt rannsókn minni, hófst markviss framleiðsla og sala slíkra skartgripa í kjölfar tillagna frá starfsfólki USAID í byrjun níunda áratugarins (Kristín Loftsdóttir 2000). Gatan Yantala í Niamey þar sem margar þróunarstofnanir hafa aðsetur er einnig vettvangur handverksmanna af ólíku þjóðerni sem hafa þar verkstæði og sitja um ferðamenn og starfsfólk þróunarstofnana til að selja því vörur sínar. Töluverður fjöldi WoDaaBe-farandverkamanna í Niamey hefur byggt afkomu sína á framleiðslu og sölu skartgripa sem voru fyrst og fremst ætlaðir Vesturlandabúum. Eins og ég hef áður bent á má líta á skartgripasölu WoDaaBe sem leið hirðingjasamfélags til að laga sig að síbreytilegum heimi og nýta sér nýjar aðstæður. Engu að síður, ef almennar aðstæður WoDaaBe eru hafðar í huga, getur skartgripasala þó varla breytt jaðarstöðu þeirra innan ríkisins Níger eða í hnattvæddu samhengi almennt (sjá Kristín Loftsdóttir 2004).

## UMRÆÐUR

Ég hef hér fjallað um skilning WoDaaBe-hirðingja á þróunarhjálp. WoDaaBe líta á verkefni sem gjafir einstaklinga, auk þess að leggja jafnan áherslu á þróunaraðstoð sem hjálp hvíttra til svartra íbúa heimsins. Sýn WoDaaBe á þróunaraðstoð sem gjöf á hlutum segir kannski ein sér sína sögu um árangur þróunaraðstoðar í Níger síðastliðna áratugi. Sú staðreynd að land eins og Níger sé á botni þróunarvísitölu Sameinuðu þjóðanna þrátt fyrir starf þróunarstofnana og verkefna í áraradír hlýtur í sjálfu sér að vekja upp gagnrýnar spurningar um árangur verkefna og þróunaraðstoðar almennt.

<sup>8</sup> Þessi áhugaverði maður var myrtur af ræningjum á söluferð í Burkina Faso ári eftir fyrstu kynni okkar. Farandsala á skartgripum er nokkuð algeng meðal WoDaaBe farandverkamanna, en eins og flestir aðrir sem búa við fátækt og jaðarstöðu hafði hann ekki efni á öruggri hóteltgistingu heldur svaf ásamt öðrum farandsölum út á strætum Ouagadougou. Þar var hann barinn til bana í skjóli nætur eftir að hafa selt allt skartið sitt.

Formleg og óformleg viðtöl sem ég tók við starfsfólk þróunarstofnana í Níger, sem margt hafði farið í þetta starf af hugsjónum, endurspegluðu örvinglan þeirra yfir litlum árangri verkefna í landinu. Kaldhæðnislega kom einnig fram ótti yfir því að þiggjendum verkefnanna virtist oft finnast eins og um gjafir væri að ræða en ekki uppbyggingu til framtíðar.

Viðhorf WoDaaBe til þróunaraðstoðar sem hjálp hvítra til svartra kastar einnig fram áleitnum spurningum um þau skilaboð sem þróunaraðstoð sendir þiggjendum. Slíkar spurningar verða enn áleitnari þegar haft er í huga að WoDaaBe finnst náttúrulegt að hvítir Vesturlandabúar búi við önnur lífsgæði heldur en þeir sjálfir og meirihluti íbúa landsins þurfa að setta sig við. Ótti WoDaaBe við að vera þjófkenndir endurspeglar jafnframt ójöfn valdatengsl þeirra við veitendur aðstoðar. Þessi skilningur WoDaaBe er ekki algjörlega úr lausu lofti gripinn, því lífsstíll meirihluta fólks sem vinnur í þróunarstofnunum í þriðja heiminum undirstrikar ólíkar valdastöður þeirra sem þiggja aðstoðina og þeirra sem veita hana. Kynþáttavæðing þróunarhjálp – skipting fólks eftir hlutverkum í svart og hvítt – er vissulega ekki markmið þróunarstofnana, en eins og Herzfeld (2001) hefur bent á í umfjöllun sinni um þróunarhjálp og orðræður í riti UNESCO, sem meðal annars er hugsað fyrir starfsfólk þróunarstofnana, verður að meta raunverulegan árangur og áhrif þróunarverkefna. Markmið segja eingöngu hluta sögunnar. Það að hópar eins og WoDaaBe upplifi þróunarhjálp sem gjafir hvítra einstaklinga til hörundsökks fólks, sem og að það liggi í hlutarins eðli að svartir þjóni hvítum, segir sína sögu um tengsl vestrænna þjóða við þiggjendur þróunarhjálp og ætti að vera eitthvað fyrir þróunarstofnanir að hafa áhyggjur af.

### **Þakkir**

Rannsóknin árið 1995 var gerð möguleg með styrk úr Fræðslusjóði Jóns Þórarinssonar, 1994, sem veittur er af Flensborgarskóla. Doktorsrannsóknin 1996–1998 var styrkt af

Norrænu Afríkustofnuninni og Alþjóðlegu Rótarysamtökunum. Ég vil þakka gagnlegar ábendingar frá ritrynum Landabréfsins.

### **HEIMILDIR**

Agnew, C. og E. Anderson 1992: *Water Resources in the Arid Realm*. London og New York: Routledge.

Alþjóðabankinn 2003: *Memorandum of the President of the International Development Association to the Executive Directors on a Country Assistance Strategy of the World Bank for the Republic of Niger*. Report number 252030. Niger Country Office / Country Department 13. The World Bank.

Appadurai, A. 1996: *Modernity at Large: Cultural Dimensions of Globalization*. Minneapolis: University of Minnesota Press.

Bennett, J.W. 1988: The political ecology and economic development of migratory pastoralist societies in Eastern Africa. Í: D.W. Attwood, B.C. Bruneau og J.G. Galaty (ritstj.), *Power and Poverty: Development and Development Projects in the Third World*. Boulder og London: Westview Press. Bls. 31–60.

Beaumont, P. 1989: *Drylands: Environmental Management and Development*. London og New York: Routledge.

Bétaille, A. 1998: The idea of indigenous people. *Current Anthropology*, 39(2): 187–191.

de Bruijn, M. og H.J.W. van Dijk 1999: Insecurity and pastoral development in the Sahel. *Development and Change*, 30(1): 115–139.

Escobar, A. 1995: *Encountering Development: The Making and Unmaking of the Third World*. Princeton: Princeton University Press.

Ferguson, J. 1994: *The Anti-Politics Machine*. Minneapolis: University of Minnesota Press.

Foucault, M. 1980: *Power/Knowledge: Selected Interviews & Other Writings 1972–1977*. New York: Pantheon Books.

Franke, R.W. og B.H. Chasin 1980: *Seeds of Famine: Ecological Destruction and the Development Dilemma in the West African Sahel*. New Jersey: Rowman & Allanheld Publishers.

Fratkin, E. 1997: Pastoralism: governance and development issues. *Annual Review of Anthropology*, 26: 235–261.

- Herzfeld, M. 2001: *Anthropology: Theoretical Practice in Culture and Society*. Oxford: Blackwell Publishers.
- Hodgkinson, E. 2003: Economy. Í: K. Murison (ritstj.), *Africa South of Sahara*. London og New York: Europe Publications. Bls. 758–761.
- International Resource Group, Ltd. 1994: *Liste des projets ayant un rapport avec la gestion des ressources naturelles. Subvention au développement du secteur agricole phase II*. Niamey: United States Agency for International Development. Óútgefið.
- Kiely, R. 1999: The last refuge of the noble savage? a critical assessment of post-development theory. *European Journal of Development Research*, 11(1): 30–55.
- Kristín Loftsdóttir 2000: *The Bush is Sweet: Identity and Desire among the WoDaaBe in Niger* (PhD-ritgerð). Arizona: Department of Anthropology, University of Arizona.
- Kristín Loftsdóttir 2001: A difficult time: migrant work and the WoDaaBe in Niger. *Cultural Survival Quarterly*, (Fall): 40–43.
- Kristín Loftsdóttir 2002a: The place of birth: WoDaaBe changing histories of origin. *History in Africa*, 29: 283–307.
- Kristín Loftsdóttir 2002b: Knowing what to do in the city? WoDaaBe pastoral nomads and migrant workers in Niger. *Anthropology Today*, 18(1): 9–13.
- Kristín Loftsdóttir 2004: “This time it’s different”: globalization, power and mobility. Í: Valur Ingimundarson, Kristín Loftsdóttir og Irma Erlingsdóttir (ritstj.), *Topographies of Globalization: Politics, Culture, Language*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Bls. 149–162.
- Little, P.D., og M. Painter 1995: Discourse, politics and the development process: reflections on Escobar’s “anthropology and the development encounter”. *American Ethnologist*, 22(3): 602–616.
- Maliki, A., C. White, L. Loutan og J.J. Swift 1984: The WoDaaBe. Í: J.J. Swift (ritstj.), *Pastoral Development in Central Niger*. Niamey: United States Agency for International Development.
- Matt, L.M. 1994: *Information Management and Development Fund Programming in Niger*. Prepared for IRG/ASDG II/ Ministry of Agriculture & Livestock/USAID. Novembre. International Resource Group, Ltd
- Nicholson, S. 1984: Appendix: The Climatology of Sub-Saharan Africa. Í: *Environmental Change in the West African Sahel. Resource Management for Arid and Semiarid Regions*. Washington, D. C.: Advisory Committee on the Sahel Board on Science and Technology for International Affairs National Research Council. Bls. 71–92.
- Painter, T.M. 1987: Bringing land back in: changing strategies to improve agricultural production in the West African Sahel. Í: P.D. Little, M.M. Horowitz og A.E. Nyerges (ritstj.), *Land at Risk in the Third World: Local-Level Perspective*. Boulder og London: Westview Press. Bls. 144–163.
- Park, T.K. 1993: Ecology and risk management: the case for common property. Í: T.K. Park (ritstj.), *Risk and Tenure in Arid Lands: The Political Ecology of Development in the Senegal River Basin*. Tucson og London: The University of Arizona Press. Bls. 293–330.
- Riesman, P. 1984: The Fulani in development context: the relevance of cultural traditions for coping with change and crisis. Í: E. Scott (ritstj.), *Life Before the Drought*. Boston: Allen & Unwin. Bls. 171–191.
- Rodman, M.C. 2003[1992]: Empowering place: multilocality and multivocality. Í: S. M. Low og D.L. Zúniga (ritstj.), *The Anthropology of Space and Place: Locating Culture*. Malden: Blackwell Publishing. Bls. 204–223.
- Scott, M.F., og B. Gormley 1980: The animal of Friendship (Habbanaae) in Indigenous Model of Sahelian Pastoral Development in Niger. Í: D. W. Brokensha, D. M. Warren og Oswald (ritstj.), *Indigenous Knowledge Systems and Development*. Werner: University Press of America. Bls. 93–111.
- Sylvain, R. 2002: “Land, water and truth”: San identity and global indigenism. *American Anthropologist*, 104(4): 1074–1085.
- UNDP 2005: *Human Development Report*. <http://hdr.undp.org/reports/global/2005/> (skoðað 8. september 2005).
- White, C. 1990: Changing Animal Ownership and Access to land among the WoDaaBe (Fulani) of Central Niger. Í: P.T.W. Baxter og R. Hogg (ritstj.), *Property, Poverty, and People: Changing Rights in Property and Problems of Pastoral Development*. Manchester: University of Manchester. Bls. 240–254.